

Starfsleyfisumsókn vegna nýrrar verksmiðju HB Granda Vopnafirði

A. Yfirlit framkvæmda

Fyrirhugað er að reisa fiskmjölsverksmiðju sem afkastar allt að 850 tonnum hráefnis á sólarhring á svæði HB Granda hf á Vopnafirði. Húsnæði sem núverandi verksmiðja er í verður endurnýtt að stærstum hluta fyrir mjölgeymslur og fl. Áætlað er að byggja 2023 m² verksmiðjuhús ásamt 140 m² ketilhúsi, enn fremur er gert ráð fyrir mjölsílóum fyrir 2400 tonn mjöls og gerð á um 1400 m² lekavarnarþróar umhverfis tvo lýsistanka alls um 4100 m³ sem eru fyrir á svæðinu. Fyrir eru á svæðinu hráefnistankar fyrir 4200 m³, 160 m² löndunahús ásamt 600 m² mjölhúsi sem áætlað er að nýta. Reksturinn mun fela í sér móttöku hráefnis úr fiskiskipum og úrgangs frá landvinnslu til vinnslu fiskmjöls og lýsis ásamt geymslu og útskipun þessara afurða. Markmið framkvæmdanna er, auk þess að auka afkastagetu verksmiðjunnar úr 650 tonnum í 850 tonn, að færa framleiðslutæki, vinnuumhverfi og allan aðbúnað til þess sem best þekkist í dag og með því m.a. að lágmarka mengun frá verksmiðjunni.

Framleiðsluhluti verksmiðjunnar verður allur í einum sal, á gólfí sem er í hæð við hafnargarðinn. Við vesturenda verksmiðju er húsið á þremur hæðum, þar sem komið er fyrir rannsóknarstofu, verkstæði, vaktherbergi, starfsmannaðstöðu og skrifstofum. Vestan þessa húshluta er ketilhús á einni hæð. Við austurenda framleiðslusalar er húshluti á þremur hæðum, spennarými á 1. hæð og töflurými á 2. og 3. hæð. Verksmiðuhúsið verður að mestu byggt úr stálgrind og klætt með stálklæðningu. Hlutar þess, þ.e. ketilhús, starfsmannaðstaða ofl. og spenna-/töflurými verða staðsteypt og klædd utan með stálklæðningu. Fylgiskjal með umsókn þessari eru aðalteikningar ASK Arkitekta, sbr. viðauka.

B. Afrit af staðfestu deiliskipulagi

Í viðauka er deiliskipulagsuppdráttur sem hefur verið auglýstur og samþykktur af sveitarstjórn en er nú til endanlegrar staðfestingar hjá Skipulagsstofnun (06.02.2009)

C. Lýsing á staðháttum við vinnslustað

Verkmiðjan er á hafnarsvæði Vopnafjarðarhrepps þar sem einnig er margvisleg starfsemi tengd fiskvinnslu og fl. Önnur uppbygging er einnig fyrirhuguð á svæðinu eins og fram kemur á deiliskipulagsuppdrætti í viðauka. Fylgiskjal með umsókn þessari eru aðalteikningar ASK Arkitektar, sbr. viðauka.

D. Upptalning á hráefnum, hjálparefnum og þeirri orku sem notuð er.

Hráefni til notkunar er bræðslufiskur beint frá fiskiskipum eða fiskúrgangur frá uppsjávarvinnslu.

Hjálparefni:

Vítissódi, saltpétursýra, klórefni, sápa, sekkir, smurefni og mjúksýra.

Fyrirhugað er að allri orkuþörf verksmiðjunar sem er um 14 MW geti verið fullnægt með raforku frá neti þegar hún býost á hagstæðu verði. Þetta þýðir að brennsla olíu hverfur þegar raforka býost.

Þegar raforka er ekki fáanleg verður notaður svartolíukyntur ketill til að fullnægja varmaokurþörf verksmiðjunar.

